

**ÁRSFUNDUR FRJÁLSA LÍFEYRISSJÓÐSINS HALDINN MIÐVIKUDAGINN 31.
MAÍ 2023 KL. 17:15 Í HÖFUÐSTÖÐVUM ARION BANKA, BORGARTÚNI 19,
105 REYKJAVÍK.**



Frjálsi
lífeyrissjóðurinn

Ásdís Eva Hannesdóttir stjórnarformaður Frjálsa lífeyrissjóðsins setti fundinn kl. 17:15 og bauð sjóðfélaga velkomna. Hún lagði til að Gestur Jónsson hrl. yrði fundarstjóri og var það samþykkt. Gestur tók við fundarstjórn.

Fundarstjóri vakti athygli á að fundinum væri streymt og yrði tekinn upp. Hann lagði til að Unnur Elín Jónsdóttir, starfsmaður Arion banka, yrði fundarritari og var það samþykkt. Fundarstjóri fór yfir ákvæði samþykktta sjóðsins um boðun fundarins, hvernig að henni var staðið og lýsti fundinn lögmætan og til þess bærann að afgreiða dagskrárefni. Bent var á að öll fundargögn væru á vefsíðu sjóðsins.

Fundarstjóri tók fram að kosning um samþykktabreytingar og stjórnarlaun færi fram rafrænt undir viðkomandi dagskráliðum og gætu sjóðfélagar sem fylgjast með fundinum í gegnum streymi tekið þátt í atkvæðagreiðslu.

Fundarstjóri upplýsti að stjórn hefði leitað til KPMG um eftirlit með framkvæmd rafrænu kosningarinnar. Til þess valdist Ingvar Ágúst Ingvarsson, endurskoðandi.

Dagskrá fundarins var eftifarandi:

1. Skýrsla stjórnar
2. Kynning ársreiknings
3. Kosning stjórnar
4. Tryggingafræðileg athugun
5. Fjárfestingarstefna sjóðsins
6. Kjör endurskoðanda
7. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins
8. Laun stjórnarmanna
9. Önnur mál

Fundarstjóri lagði til að dagskrárlíðirnir skýrsla stjórnar og kynning ársreiknings, þ.e. liðir 1 og 2, yrðu teknir saman til umræðu eftir kynningu á ársreikningi. Engin hreyfði andmælum við því.

1. Skýrsla stjórnar

Ásdís Eva Hannesdóttir, stjórnarformaður Frjálsa, tók til máls og gerði grein fyrir skýrslu stjórnar um rekstur, starfsemi og hag sjóðsins á síðastliðnu starfsári. Ásdís bauð fundargesti velkomna og byrjaði á því að víkja stuttlega að framkvæmd fundarins. Því næst fór hún yfir ÍL-sjóðinn og áhrif hans á stöðu Frjálsa. Ásdís fór einnig yfir ávöxtun sjóðsins, þá staðreynd að meðalævin lengist og áhrif þess á sjóðinn, tryggingafræðilega stöðu, hreina eign og stækkun, fjárfestingar- og hluthafastefnu sjóðsins. Því næst fór Ásdís yfir ábyrgar fjárfestingar og verðlaun, samþykktabreytingar, starfræna þróun, lífeyriskerfið, gagnsæi í upplýsingagjöf og útvistun reksturs sjóðsins til bankans.

Sjá [ávarp stjórnarformanns um skýrslu stjórnar](#).

2. Kynning ársreiknings

Arnaldur Loftsson framkvæmdastjóri Frjálsa og Hjörleifur Arnar Waagfjörð forstöðumaður eignastýringar fagfjárfesta hjá Arion banka, kynntu ársreikning Frjálsa 2022. Sjá [ársreikning 2022](#) og [glærur sem beir studdust við í kynningum sínum](#).

Arnaldur fór m.a. yfir breytingu á hreinni eign 2022 og bar saman við hreina eign 2021, stærðarþróun Frjálsa síðustu 22 árin, skiptingu iðgjalda, skyldu- og viðbótariðgjöld sem og skiptingu á séreign og samtryggingu. Arnaldur fór jafnframt yfir sundurliðun á kostnaði, rekstrarkostnaði og beinum fjárfestingargjöldum, veltutölur frá árinu 2022 og kynnti tryggingafræðilega stöðu og þróun á hreinni eign það sem af var árinu 2023.

Hjörleifur Arnar Waagfjörð fór yfir síðari hluta ársreiknings, ávöxtun og eignasamsetningu sjóðsins. Hjörleifur fór yfir þróun markaða 2022 í samanburði við 2021, ávöxtun fjárfestingaleiðanna á árinu, helstu eignaflokka og áhrif þeirra til ávöxtunar sjóðsins, sundurliðun innlendra skulda- og hlutabréfa, sérhæfðar innlendar og erlendar fjárfestingar sem og sundurliðun erlendra verðbréfa.

Að þessu loknu gaf fundarstjóri orðið laust. Enginn tók til máls.

3. Kosning stjórnar

Fundarstjóri upplýsti að Anna Sigríður Halldórsdóttir væri sjálfkjörin í stjórn til næstu þriggja ára vegna ákvæða um kynjakvóta og auk þess væri Lilja Bjarnadóttir sjálfkjörin í varastjórn til þriggja ára en hún var sú eina sem bauð sig fram í varastjórn.

Fundarstjóri upplýsti að fyrir lægi að kjósa ætti einn aðalmann í stjórn. Tveir aðilar hefðu gefið kost á sér til setu í aðalstjórn sem væru í stafrófsröð:

- Björn Ingi Victorsson
- Jóhann Viðar Ívarsson

Fundarstjóri kynnti heildarniðurstöðu kosninga um aðalmann í stjórn.

Niðurstaða:

| | | |
|-----------------------|-----------------------|--------------|
| Björn Ingi Victorsson | 12.932.848.460 | 86,83% |
| Jóhann Viðar | 1.727.567.455 | 11,60 % |
| Tek ekki afstöðu | 234.463.807 | 1,57 % |
| Samtals | 14.894.879.722 | 100 % |

Réttkjörin í stjórn var því Björn Ingi Victorsson til næstu þriggja ára.

4. Tryggingafræðileg athugun

Bjarni Guðmundsson fór yfir tryggingafræðilega stöðu Frjálsa lífeyrissjóðsins í lok árs 2022, hann upplýsti um að forsendurnar voru þær sömu og í fyrra. En þann 1. janúar 2023 tóku í gildi breytingar á samþykktum sjóðsins sem fólu í sér breytingar á réttindatöflum og skiptingu skylduiðgjalds í samtryggingu og séreign. Tildög breytinganna voru að í desember 2021 staðfesti fjármála- og efnahagsráðuneytið tillögur Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga (FÍT) um breytingar á forsendum reiknigrunns um lífslíkur, byggt á áætlun um lífslíkur í framtíðinni. Spáin gerir ráð fyrir

að lífslíkur hvers fæðingarárgangs séu mismunandi, þ.e. að lífslíkur fari vaxandi með hækkandi fæðingarári en hingað til hefur mat á lífslíkum byggst á sögulegum gögnum.

Niðurstaða tryggingafræðilegs mats 2022 var að áfallin staða er nú -10,4%, framtíðarstaðan er komin í +1,2% og er heildarstaðan -4,4%. Heildarstaðan er því innan ramma laganna og liggja því engar kvaðir á sjóðnum að breyta samþykktunum. Þetta er því mikil breyting frá því í fyrra, þar sem framtíðarstaðan og heildarstaðan voru heldur verri en nú en nýjar réttindatöflur breyta framtíðarstöðunni úr -17% í +1,2%. Bjarni fór einnig yfir yfirlit um breytingar á áföllnum lífeyrisskuldbindingum samtryggingardeilda.

Að þessu loknu gaf fundarstjóri orðið laust og óskaði enginn eftir að taka til máls.

5. Fjárfestingarstefna sjóðsins

Hjörleifur Arnar Waagfjörð forstöðumaður eignastýringar fagfjárfesta Arion banka fór yfir fjárfestingarstefnu sjóðsins vegna ársins 2023. Sjá [Fjárfestingarstefnu Frjálsa 2023](#) og [glærurnar sem Hjörleifur studdist við í kynningu sinni](#).

Fundarstjóri gaf orðið laust, engar spurningar

6. Kjör endurskoðanda

Stjórn lagði til að KPMG verði áfram endurskoðandi sjóðsins. Samþykkt án mótatkvæða.

7. Tillögur um breytingar á samþykktum

Fundarstjóri kynnti næsta dagskrálið, tillögur um breytingar á samþykktum. Hann upplýsti fundinn um að fyrst myndi Kristín Ragnheiður Eiríksdóttir lögfræðingur og ritari stjórnar sjóðsins kynna tillögur um samþykktabreytingar og greidd yrðu svo atkvæði um þær. Að atkvæðagreiðslu lokinni myndi Bjarni Guðmundsson tryggingastærðfræðingur sjóðsins kynna tillögur stjórnar um breytingar á töflum í viðauka við samþykktir sjóðsins og greidd yrðu svo atkvæði um þær.

Kristín Ragnheiður kynnti breytingartillögur stjórnar og fór yfir rökstuðning fyrir þeim sem höfðu áður verið birtar á heimasíðu sjóðsins fyrir fundinn.

Kristín Ragnheiður kynnti breytingartillögurnar í eftirfarandi röð:

Breytingartillaga nr. 1: Lagt til að orðalagi gr. 8.7 í samþykktum sjóðsins verði breytt þannig að kveðið sé á um viðmiðunaraldur réttindaöflunar en ekki að greiðsla ellilífeyris hefjist úr tryggingadeild við ákveðinn aldur. Ellilífeyrisaldur er í raun frjáls að ákveðnu marki því hægt er að flýta og fresta töku lífeyris m.v. viðmiðunaraldur réttindaöflunar.

Breytingartillaga nr. 2: Stjórn leggur til að gr. 9.8 (um upplýsingagjöf til sjóðfélaga) verði uppfærð til samræmis við breytingar á lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða sem töku gildi 1. apríl 2023. Ákvæði laganna fjallar nú einnig um upplýsingarskyldu sjóðsins til nýrra sjóðfélaga og að lífeyrissjóðum sé nú heimilt að ákveða að skila upplýsingum og yfirlitum yfir iðgjöld sjóðfélaga með rafrænum hætti.

Breytingartillaga nr. 3: Lagt er til að breyta gr. 9.10-9.15 og gr. 11.3 í samþykktum sjóðsins sem fjalla um innheimtu iðgjalda sjóðfélaga. Greinar 9.10 og 9.11 samræmast ekki því verklagi sem innheimtutækni býður upp á í dag og er því lagt til að fella greinina úr gildi.

Stjórn mun í staðinn koma á verklagsreglum um framkvæmd innheimtu iðgjalda. Ef samþykkt verður að gera breytingar á gr. 9.10 og 9.11 verða greinar þar á eftir uppfærðar, þannig að gr. 9.12 verður að gr. 9.11 o.s.frv. svo og að tilvísun gr. 11.3 í aðra grein 9.15 verðu uppfærð í gr. 9.14.

Breytingartillaga nr. 4: Lagt er til að gr. 16.2 verði einfölduð þannig að sjóðurinn hafi svigrúm til að greiða út ellilífeyri skv. umsóknum sjóðfélaga fyrr en sjónum ber skv. núverandi ákvæði samþykktu sjóðsins.

Breytingartillaga nr. 5: Lagt er til breytingar á gr. 16.4 í samþykkum sjóðsins er varða tilgreinda séreign. Lagt er til að greinin um tilgreinda séreign verði skipt í tvennt. Annars vegar verði ný grein (16.4) sett um tilgreinda séreign sjóðfélaga Frjálsa lífeyrissjóðsins. En Frjálsi hefur hingað til ekki boðið sjóðfélögum sínum upp á að ráðstafa hluta iðgjalds í tilgreinda séreign. Með þessari breytingu verður sjóðfélögum Frjálsa boðið að flytja allt að 3,5% af iðgjaldsstofni úr frjálsu séreigninni í tilgreinda séreign einungis í þeim tilgangi að ráðstafa í skattfrjálsa úttekt séreignarsparnaðar. Þá er lagt til að útborgunarreglan sem áður var að finna í gr. 16.4 verðu flutt yfir í nýja gr. 16.4 og orðalag samræmt nýju lagaákvæði sem tók gildi 1. janúar 2023. Hins vegar er lagt til að núverandi gr. 16.4 verði að gr. 16.5 og fjalli um sjóðfélaga annarra lífeyrissjóða sem velja að ráðstafa hluta iðgjalds í tilgreinda séreign hjá Frjálsa. Þar verði bætt við ákvæði þess efnis að ef að samtryggingarsjóður sjóðfélagans hafi ekki til reglur um útborgun tilgreindrar séreignar þá gildi reglur Frjálsa um útborgun.

Fundarstjóri kynnti í kjölfarið tilhögun atkvæðagreiðslu sem færi fram með rafrænum hætti. Bæði sjóðfélagar á fundarstað og þeir sem fylgdust með í gegnum streymi gætu greitt atkvæði um tillögurnar með rafrænum hætti í gegnum hlekk sem var aðgengilegur sjóðfélögum með QR kóða á fundinum og á hlekk á vef Frjálsa.

Tillögurnar voru bornar upp til rafrænnar atkvæðigreiðslu og voru niðurstöðurnar eftirfarandi :

Breytingartillaga 1 - grein 8.7 um viðmiðunaraldur:

| | | |
|------------------|---------------|---------|
| Já | 2.237.083.964 | 98,78 % |
| Nei | 18.117.782 | 0,80 % |
| Tek ekki afstöðu | 9.548.055 | 0,42 % |
| Samtals | 2.264.749.801 | 100 % |

Breytingartillaga 2 - grein 9.8 um upplýsingagjöf til sjóðfélaga:

| | | |
|------------------|---------------|---------|
| Já | 7.837.005.574 | 98,26 % |
| Tek ekki afstöðu | 138.746.738 | 1,74 % |
| Nei | 0 | 0,00 % |
| Samtals | 7.975.752.312 | 100 % |

Breytingartillaga 3 - grein 9.10 - 9.11 og grein 11.3 um innheimtu iðgjalda:

| | | |
|------------------|---------------|--------------|
| Já | 7.492.367.560 | 100,00 % |
| Nei | 0 | 0,00 % |
| Tek ekki afstöðu | 0 | 0,00 % |
| Samtals | 7.492.367.560 | 100 % |

Breytingartillaga 4 - grein 16.2 um tilhögun lífeyrisgreiðslna:

| | | |
|------------------|---------------|----------|
| Já | 6.901.447.911 | 100,00 % |
| Nei | 0 | 0,00 % |
| Tek ekki afstöðu | 0 | 0,00 % |
| Samtals | 6.901.447.911 | 100 % |

Breytingartillaga 5 - grein 16.4 - 16.5 um tilgreinda séreign:

| | | |
|------------------|---------------|----------|
| Já | 4.716.324.405 | 100,00 % |
| Nei | 0 | 0,00 % |
| Tek ekki afstöðu | 0 | 0,00 % |
| Samtals | 4.716.324.405 | 100 % |

Bjarni Guðmundsson tryggingastærðfræðingur kynnti svo breytingartillögur á töflum í viðauka samþykktanna en þær voru birtar ásamt greinagerð á vefsíðu sjóðsins.

Bjarni byrjaði á því að kynna þær breytingar sem stjórn gerði á samþykktum sjóðsins á stjórnarfundi dags. 14. september 2022, en stjórn var heimilt að gera slíkar breytingar þar sem þær leiddu af lögum skv. 2. mgr. 29. gr. lífeyrissjóðalaganna. Bjarni upplýsti fundinn um að breytingarnar hafi þegar öðlast gildi og teknar hafi verið upp nýjar lífslíkutöflur sem byggðar eru á spá.

Bjarni kynnti svo breytingartillögurnar sem lagðar yrðu fyrir ársfundinn í eftirfarandi röð:

Breytingartillaga nr. 6: Lagt er til að gerðar séu breytingar á frestunar- og flýtingartöflu sjóðsins (Tafla T2). Í stað einnar töflu eru sér töflur fyrir frjálsu leiðina og sér fyrir tryggingarleiðina. Æn nýju töflurnar sýna hlutfallslega breytingu lífeyris úr samtryggingu fyrir hvern mánuð sem töku lífeyris er frestað eða flýtt.

Breytingartillaga nr. 7: Lagt er til að gerðar séu breytingar á endurgreiðslutöflu sjóðsins, þ.e. á þeim hluta iðgjalda sem er endurgreiddur ef iðgjald fer fram yfir hámark örorkutryggingar (Tafla T3)

Breytingartillaga nr. 8: Lagt er til að gerðar séu breytingar á réttindatöflu tryggingardeilda, þ.e. á ákvæði um flýtingu á töku lífeyris úr tryggingadeild Erfanlegu leiðarinnar (Tafla T4)

Breytingartillaga nr. 9: Lagt er til að ný tafla (Tafla T5) verði sett inn í viðauka samþykkta sjóðsins, þ.e. að bætt verði inn bráðabirgðaákvæði sem tryggir þeim sem verða fyrir orkutapi viðbótarréttindi næstu ár.

Sjá [hér breytingartillögurnar og rökstuðninginn með þeim](#) sem áður voru birtar á heimasíðu sjóðsins. Sjá [hér einnig kynningu um breytingartillögu stjórnar](#) sem kynnt var á ársfundinum sjóðsins. Að kynningu lokinni gaf fundarstjóri orðið laust.

Gísli Páll Pálsson óskaði eftir upplýsingum um hvaða áhrif breyttar réttindatöflur, sem tóku gildi 1. janúar 2023 hefðu á réttindaávinnsluna.

Bjarni sagði að breytingarnar væru ekki nákvæmlega eins á öllum aldurskeiðum, en hægt væri að sjá þessa breytingar með því að sjá gömlu töflurnar og bera saman við nýju, en hann giskaði á að breytingin væri 10 til 20% til lækkunar, nær því að vera 20%. Iðgjaldið í samtrygginguna hækkaði samhliða sem kæmi á móti þessari lækkun sagði Bjarni.

Fundarstjóri sagði að samkvæmt reglum stjórnar um framkvæmd ársfundar og rafræna atkvæðagreiðslu hefði fundarstjóri heimild til að kanna á meðal sjóðfélaga á fundarstað hvort þeir geri athugasemdir við að atkvæðagreiðsla um einstök mál sé framkvæmd með handauppréttingu á fundinum. Enginn ágreiningur virtist vera um tillögurnar og því myndi hann nýta þessa heimild til afgreiðslu breytingartillagna á töflum í viðauka samþykktanna. Engar athugasemdir komu frá sjóðfélögum á fundarstað.

Fundarstjóri bar upp breytingartillögur á töflunum í heilu lagi, þ.e. breytingartillögur 6-9)

Tillögurnar voru samþykktar samhljóða.

8. Laun stjórnarmanna

Fundarstjóri kynnti tillögu um stjórnarlaun:

Stjórnarlaun aðalmanna

Lagt er til að stjórnarlaun aðalmanna verði 274.000 kr. á mánuði, laun stjórnarformanns verði tvöföld laun aðalmanna og laun varastjórnarformanns ein og hálf laun aðalmanna. Hækjunin er í samræmi við hækjun á launavísitölu sl. 12 mánuði, 9,5%.

Auk þess er lagt til óbreytt fyrirkomulag þess efnis að ef stjórnarfundir eru fleiri en einn í mánuði skal greitt sérstaklega, sem nemur helmingi af mánaðarlegum stjórnarlaunum aðalmanns, fyrir hvern setinn aukafund sem er haldinn umfram reglubundna stjórnarfundi skv. starfsáætlun stjórnar.

EKKI er greitt fyrir fleiri en sjö aukafundi á hverju starfsári.

Stjórnarlaun varamanna

Lagt er til að stjórnarlaun varamanna verði helmingur af mánaðarlegum stjórnarlaunum aðalmanna fyrir hvern setinn fund.

Árslaun varamanna skulu vera að lágmarki ein og hálf mánaðarlaun stjórnarmanns.

Fundarstjóri bauð fundarmönnum að tjá sig um tillöguna og óskaði enginn eftir að taka til máls. Hann kannaði á meðal sjóðfélaga á fundarstað hvort þeir gerðu athugasemdir við að hann bæri tillöguna um stjórnarlaun upp með handauppréttingu og komu engar athugasemdir.

Tillagan um laun aðal- og varamanna var samþykkt samhljóða.

9. Önnur mál


Yngvi Harðarson frambjóðandi til stjórnar árið 2022 óskaði eftir að stjórn Frjálsa lífeyrissjóðsins upplýsti um það á ársfundi 2023 hvort ábendingar eða athugasemdir hafi borist varðandi framkvæmd stjórnarkjörs árið 2022 og þá einkum hið blandaða fyrirkomulag rafrænnar kosningar og atkvæðagreiðslu á fundinum. Þá ítrekaði hann áskorun sína frá því fyrir ári síðan um að stjórn upplýsi um kjörfylgi hvers frambjóðanda til stjórnar, annars vegar í þeirri rafrænu kosningu sem Advania aðstoðaði með og hins vegar hversu mörg atkvæði hver frambjóðandi fékk sem greidd voru á ársfundinum sjálfum. Yngvi skoraði á stjórn sjóðsins að upplýsa um fjölda atkvæða sem hverjum frambjóðanda voru greidd þar sem stuðst var við umboð. Yngvi sagði að hér væri eingöngu verið að fara fram á upplýsingar um kjörfylgi einstakra frambjóðenda í stjórnarkjörinu enda væri það eðli kosninga að leiða slíkt fram. Ekki verði séð að nein persónuverndarsjónarmið geti komið í veg fyrir veitingu slíkra upplýsinga. Veiti stjórn sjóðsins ekki umbeðnar upplýsingar þá óskaði hann eftir að stjórn greini frá ástæðum þess.

Fundarstjóri sagði að hann hefði að beiðni stjórnar sent á sínum tíma erindi til persónuverndar þar sem óskað var leiðbeininga um hvernig standa beri að upplýsingagjöf í þessu efni. Engin svör hafi enn borist frá Persónuvernd þrátt fyrir eftirgangsmuni af hálfu stjórnarinnar. Varðandi erindi Yngva þá barst það stjórn og fundarstjóra rétt fyrir upphaf fundarins og því væri engin leið að veita umbeðnar upplýsingar á ársfundinum. Fundarstjóri kvaðst beina erindinu til stjórnar sjóðsins með væntingum um að það verði tekið til afgreiðslu þar.

Fleiri töku ekki til máls.

Fleira var ekki tekið fyrir á fundinum. Fundarstjóri fékk heimild til að ganga frá fundargerð ásamt fundarritara og boðaði að fundargerðin yrði sjóðfélögum aðgengileg á vefsíðu sjóðsins. Fundarstjóri þakkaði framsögumönnum fyrir þeirra framlag til fundarins og fundarmönnum samstarf við fundarstjóra um afgreiðslu dagskrármála.

Fundarstjóri gaf formanni stjórnar orðið og sleit hún fundi kl. 19:37



Gestur Jónsson
Fundarstjóri



Unnur Elín Jónsdóttir
Fundarritari